

1864.

2. marz.

14. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um endurgjald jarðamatskostnaðar af kirkjujörðum og stöðum.

Í bréfi 22. septembermán. f. á. hafið þér, herra amtmaður, skýrt frá, að prestarnir í Eyjafjarðar sýslu, eptir skýrslu hlutað-eigandi sýslumanns, hafi neitað að greiða af prestsetrunum tillag það til endurgjalds fyrir kostnaðinn við hið nýja jarðamat á Íslandi, sem heimta átti á manntalsþingunum árið 1863, samkvæmt opnu bréfi 1. aprílm. 1861, og einnig hafi ábúendurnir á kirkjujörð-unum í greindri sýslu færzt undan að greiða gjald þetta fyrir þá sök, að þeir eigi geti átt von á að fá það aptur endur-goldið hjá prestunum. Um leið og þér hafið látið það álit í ljósi, að eptir orðunum í lagaboði þessu geti verið vafi á því, hvort prestarnir, sem ekki eru eigendur kirkjujarðanna, heldur að eins hafa þær að lèni (usufructuarii), sèu skyldir að greiða gjald það, sem hér er um rætt, hafið þér spurt, hvort þegar beri að gjöra fjárnám fyrir gjaldinu, eður hvort fresta eigi fyrst um sinn málefni þessu, er hafi verið borið upp á síðasta al-þingi.

Um þetta efni kunngjörir stjórnarráðið yður, yður til leið-beiningar og til þess þér auglýsið það og gjörðið þær ráðstafanir, sem þörf er á, að eptir þeirri ákvörðun, sem er í opnu bréfi 1. aprílm. 1861 2. gr., eiga prestarnir að greiða af prestsetrunum og leiguliðarnir af kirkjujörðunum, sem ábúendur jarða þessara, tillag það til endurgjalds jarðamatskostnaðarins, sem á þær fellur; en það atriði, hjá hverjum þeir geti fengið endur-goldið það fè, er þeir hafa borgað, heyrir undir úrlausn dóm-stólanna ef úgreiningur verður um það.

4. marz.

15. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um borgun fyrir fátækralyf þau, er ætluð eru norður- og austur-umdæminu.

Í bænarskrá nokkurri, er hingað hefir borizt, hefir Jóhann